

STARFSSKÝRSLA ÁGÚSTS ÁRNASONAR  
HJÁ  
SKÓGRÆKT RÍKISINS  
ÁRID 1960

Frá áramótum fram til vors starfaði ég á skrifstofu Skógræktarinnar í Reykjavík, að undamteknum ferðum upp í Skorradal til eftirlits.

Þann 19. apríl fór ég með Baldri Þorsteinssyni og fleirum austur í Þjórsárdal til landmælinga og starfaði þar til 23. s.m.

Priðja maí fór ég upp að Stálpastöðum til eftirlits með grisjun, en hún hófst í Stálpastastaðahlíðinni í byrjun apríl. Í þessari ferð tók ég einnig með mér nokkur hundruð af Alaskalúpínu og gróðursetti þær í gróðurlausu melana fyrir ofan og austan bæ á Stálpastöðum.

Þann 16. maí fór ég með Einari Sæmundsen og Guðmundi Bjarnasyni að mæla fyrir skógræktargirðingum í Landi Stóra-Botns í Botnsdal.

23. maí hætti ég störfum á skrifstofu Skógræktarinnar og fór þá til sumardvalar að Hvammi í Skorradal. Þá hafði Baldur Skarphéðinsson að mestu lokið áætlaðri grisjun í Stálpastastaðahlíðinni. Fyrst í stað eftir að ég kom uppeftir var haldið áfram að grisja það sem eftir var að grisja á Stálpastöðum og Hvammi og einnig lokið við að laga til limið fyrir gróðursetninguna.

Um 30. maí var svo byrjað að gróðursetja á Stálpastöðum og gróðursetningu var lokið þann 22. júní.

Gróðursettar voru eftirtaldar tegundir:

|                               |          |        |
|-------------------------------|----------|--------|
| Sitkagreni 2/3 (Cordova)      | T .....  | 11.975 |
| Rauðgreni 2/3 (N-Helgeland)   | T .....  | 5.495  |
| Rauðgreni 2/3 (Sör-Helgeland) | T .....  | 5.000  |
| Bergfura 2/2 (Pyrenæjaf.)     | F .....  | 500    |
| Stafafura (Skagway)           | N. ..... | 2.000  |
| Elri 2/2 (Rognan)             | F. ..... | 500    |

Samtals 25.470

Plönturnar voru gróðursettar í Stálpostaðahlíðinni á þeim stöðum sem hér segir:

Reitur 114

|                           |     |
|---------------------------|-----|
| Sitkagreni Cordova .....  | 900 |
| Bergfura Pyrenæjafj. .... | 100 |

Í eyður þar sem skriðan fjéll um árið

|                          |     |
|--------------------------|-----|
| Stafafura Skagway .....  | 200 |
| Sitkagreni Cordova ..... | 975 |

Reitur 212, þar sem fjallapöllin var

|                         |     |
|-------------------------|-----|
| Stafafura Skagway ..... | 600 |
|-------------------------|-----|

Braathenslundur Reitur 341 til 3

|                                    |       |
|------------------------------------|-------|
| Reitur 341 Sitkagreni Cordova .... | 4.000 |
| Reitur 342 Rauðgreni S-Helgeland   | 5.000 |
| Reitur 342 Stafafura Skagway ..... | 1.200 |

Halldórlundur

|                                  |       |
|----------------------------------|-------|
| Reitur 372 Rauðgreni N-Helgeland | 5.000 |
| Reitur 385 Sitkagreni Cordova    | 5.000 |

Fyrir ofan Kjarvalslund i reit 35-

|                             |       |
|-----------------------------|-------|
| Sitkagreni Cordova .....    | 1.100 |
| Rauðgreni N-Helgeland ..... | 475   |
| Bergfura Pyrenæjafj. .....  | 400   |

Elrinu var plantað 9. júní meðfram lækjum dreift um Stálpostaðahlíðina innan til.

Í girðinguna fyrir ofan veg í Hvammi var plantað 16. júní. Þar var gróðursett Sitkagreni Cordova 2.500 stk., Rauðgreni N-Helgeland 2.000 stk. Áður eða þann 9. júní var plantað 500 plöntum Elri, Rognan í girðingarnar bæði fyrir ofan og neðan veg.

Er gróðursetningu var lokið var hafist handa með girðingarviðgerðir í Hvammi. Einnig var byrjað á nýrri girðingu fyrir ofan veg í Hvammi. Samhliða þessu var unnið að grisjun frá barrplöntum í eldri gróðursetningum á Stálpastöðum. Unnið var að þessum verkefnum til 15. ágúst.

Á þessu tímabili var að mestu lokið við að girða nýja girðingu fyrir ofan veg í Hvammi, utan frá Vatnsenda-landamörkum og inn að skógræktargirðingu Hauks Thors. Þetta er um tveggja kílómetra löng girðing. Jarðýta var notuð til þess að laga fyrir girðingarstæðið. Í girðinguna voru notaðir bæði tré og járnstaurar og trérenglur. Innantil var girt með 7 strengjum af gaddavír en utantil með neti og þrem strengjum af gaddavír.

Gömul girðing sem var fyrir ofan veg var tekin upp og efnið notað til viðhalds og endurbóta á girðingunni fyrir neðan veg í Hvammi.

Á Stálpastöðum var unnið að því að grisja frá barrplöntum í eldri gróðursetningum milli vegarins og línu II. Byrjað var inn við Háafells girðingu og lokið við að grisja út að Reit 162 Lerki Heinola frá '54. Hormonum var sprautað á kjarrið sem var að vaxa upp í braytunum I og II. Einnig voru hormónar notaðir til grisjunar frá barrplöntum í eldri gróðursetningum milli lína I og II. Sprautað var á svæðið innan frá Háfellsgirðingu út að Reit 24-tilraunagróðursetningunni.

Í girðingu Hauks Thors í Hvammi var grisjað frá barrplöntum og lagaðir tvítoppar í eldri gróðursetningum eftir því sem þurfa þótti.

Frá 15. ágúst til 3. sept. lágvallar framkvæmdir niðri hjá Skógræktinni í Skorradal, en á þessu tímabili vann vinnuflokkurinn úr Skorradal að skógrækt í Stóra-Botni í Botnsdal.

Í Stóra-Botni var girt 2.500 m löng girðing. Efni var net og þrír strengir af gaddavír í allri girðingunni. Notaðir voru bæði tré og járnstaurar og tré-renglur. Á köflum var girðingarstæðið lagað með jarðýtu. Grisjaðir voru um þrír hektarar af kjarrlendi innan girðingar.

Í Stóra-Botni var plantað 15.000 plöntum dagana 31. ágúst til 2. sept. Plönturnar komu frá Tumastöðum 5.000 stk. Rauðgreni 2/2 Nord-Helgeland og 10.000 stk. Sitkagreni 2/2 Cordova.

Þriðja september var framkvæmdum lokið í Stóra-Botni og vinnuflokkurinn flutti aftur upp í Hvamm í Skorradal.

í Hvammi var aftur tekið til þar sem frá var horfið með að ljúka við frágang á nýju girðingunni og gera við þá gömlu. Farið var með allri girðingunni fyrir ofan veg og hún gerð vel fjárheld. Haldið var áfram með endurbætur á girðingunni fyrir neðan veg í Hvammi, en því verki varð ekki lokið fyrir haustið. Þar er eftir að girða smá kafla en þar er fyrir aðeins tveggja strengja hestagirðing. Skógræktargirðing Hauks Thors var færð á bletti uppi á Hálsi vegna snjóþyngsla þar. ~~áttum~~.

Stálpostaðagirðingin niður við vatn hjá Dagverðarnesi var endurbætt og farið var með allri Stálpostaðagirðingunni og gert við hana eftir föngum.

Prettánda september voru gróðursettar nokkrar plöntur á Stálpastöðum. Gróðursetning þessi var gerð með nýjum þýzkum verkfærum, sem reyndust mjög vel og virtist það vera auðvelt að gróðursetja 100 plöntur á klukkutíma með þessum nýju bjúgskóflum.

Hér fer á eftir stutt greinagerð yfir þær tegundir sem gróðursettar voru og sagt frá hvar hver tegund var gróðursett.

Fjallaelri 30 stk. Við lækinn fyrir utan bæ á Stálpast. þar sem ferðafólk tjaldar oftast.

*Sorbus sambucifolia* (Rússneskur reynir) 35 stk. Fyrir neðan og utan Svartaklett.

Sitkaelri 25 stk. - Neðan og utan Svartakletts.

Birki 5 stk. Kallað blandað, en sennilega Alaskabirki. Fyrir vestan Svartaklett.

*Nomen nescio* (líkist nokkuð Amelancier florida eða Western serviceberry) 20 stk. Fyrir neðan og utan Svartaklett.

Alaskabirki 8 stk. fyrir neðan og austan Svartaklett.

*Larix siberica* 5 stk. Við stóra steininn rétt fyrir austan Svartaklett.

*Alnus sinuata* frá Terras B. C. 5 stk. Við lækinn fyrir austan Svartaklett.

*Pinus contorta* frá Banff (540-122-45) 30 stk. Fyrir austan lækinn fyrir austan Svartaklett.

*Larix laricina* frá Port Hope Sipnson. 25 stk. fyrir austan Svartaklett og neðst fyrir austan Stafafuruna. 275 stk. í reitinn fyrir ofan Kjarvalslund næst fyrir austan bergfuruna, sem plantað var þar í vor.

*Abies balsamea* Seðill 520 . 50 stk. Fyrir austan Svartaklett næst fyrir austan lerkið.

*Abies balsamea* Seðill 522. 100 stk. Fyrir ofan línu II fyrir austan *Larix laricina*.

Um mánaðarmótin sept - okt. hættu allar framkvæmdir í Hvammi og starfaði ég á skrifstofu Skógræktarinnar í Reykjavík fram til 16. október en þá fór ég austur í Haukadal til þess að vinna þar að grisjun.

Í Haukadal vann ég við grisjun fram til 28. okt., en þá fór ~~þ~~ til Reykjavíkur og tók til starfa í Gróðrastöð Skógræktarfélags Reykjavíkur í Fossvogi. Starfaði ég þar fyrir Landgræðslusjóð og ffeiri til áramóta.